

Reykjavík, 5. október 2022

Hluthafafundur í Nova Klúbbum hf. 2. nóvember 2022

Stjórn Nova Klúbbsins hf. boðar til hluthafafundar sem haldinn verður miðvikudaginn 2. nóvember 2022 klukkan 16 á skrifstofu félagsins að Lágmúla 9, 108 Reykjavík, 4. hæð. Fundurinn verður einnig haldinn með rafrænum hætti og verða nánari upplýsingar um rafræna þátttöku hluthafa aðgengilegar á vefsíðu félagsins, www.nova.is/fjarfestar.

Tillaga stjórnar að dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Tillaga stjórnar um breytingu á ákvæði gr. 4.1. í samþykktum félagsins, þannig að gert sé ráð fyrir 5 stjórnarmönnum í stað 3-5 áður
2. Tillaga stjórnar um að bæta við samþykktir félagsins nýju ákvæði, gr. 4.2, um skipun tilnefningarnefndar
3. Tillaga stjórnar um aðrar breytingar á samþykktum félagsins
4. Tillaga stjórnar um skipun tilnefningarnefndar
5. Tillaga stjórnar um starfsreglur tilnefningarnefndar
6. Stjórnarkjör
7. Tillaga stjórnar um að hluthafafundur samþykki tillögu starfskjaranefndar um þóknun til stjórnarmanna
8. Tillaga stjórnar um að hluthafafundur samþykki tillögu starfskjaranefndar um þóknun til nefndarmanna í undirnefndum stjórnar
9. Tillaga stjórnar um að hluthafafundur samþykki tillögu starfskjaranefndar um þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd
10. Önnur mál löglega fram borin

Aðrar upplýsingar:

Öll skjöl og tillögur sem lagðar verða fyrir hluthafafundinn verður að finna á vefsíðu félagsins, www.nova.is/fjarfestar. Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin á skrifstofu félagsins að Lágmúla 9, Reykjavík, virka daga milli klukkan 9:00 og 16:00. Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt á íslensku.

Hluthafar geta látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt umboð til staðfestingar umboði sínu.

Hægt verður að greiða atkvæði á fundinum með rafrænum hætti og verða nánari upplýsingar um rafræna þátttöku og rafræna atkvæðagreiðslu aðgengilegar á vefsíðu félagsins, www.nova.is/fjarfestar.

Hluthafar eiga rétt á að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef þeir gera um það skriflega eða rafræna kröfu. Óski hluthafi eftir að koma máli eða tillögu á dagskrá hluthafafundarins skal slík beiðni hafa borist skrifstofu félagsins eða á netfangið fjarfestatengsl@nova.is eigi síðar en 10 dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 16, sunnudaginn 23. október 2022.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar viku fyrir fundinn.

Í upphafi fundarins mun stjórn félagsins segja af sér til að tryggja að stjórnarkjör fari fram, enda verði ekki sjálfkjörið í stjórn félagsins. Auglýst er eftir framboðum til stjórnar og í tilnefningarnefnd félagsins.

Skv. 63. gr. a. hlutafélagalaga, nr. 2/1995, ber að tilkynna framboð til stjórnar skriflega með minnst fimm sólarhringa fyrirvara fyrir hluthafafund þar sem stjórnarkjör skal fara fram, eða fyrir kl. 16, föstudaginn 28. október 2022. Framboðum skal skila á skrifstofu Nova að Lágmúla 9, Reykjavík, eða á netfangið fjarfestatengsl@nova.is.

Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar og í tilnefningarnefnd verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafundinn.

Hluthafar eiga rétt á að krefjast hlutfallskosningar eða margfeldiskosningar við stjórnarkjör í einn sólarhring frá því að stjórn kunngerir niðurstöður framboða til stjórnar, enda verði ekki sjálfkjörið.

Fundargögn verða afhent frá kl. 15:30 á fundardegi.

Stjórn Nova Klúbbsins hf.

NOVA
KLÚBBURINN